



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Fjármála- og efnahagsráðuneytið
b.t. Bjarna Benediktssonar
fjármála- og efnahagsráðherra
Arnarhvoli við Lindargötu
101 Reykjavík

Reykjavík 15. mars 2019

1901041SA KB
Málalýkill: 00.17

Efni: Bókun stjórnar sambandsins vegna áforma um skerðingu á tekjum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldinn var 15. mars 2019 var eftirfarandi bókað og samþykkt:

„Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga mótmælir harðlega þeirri fyrirætlun fjármála- og efnahagsráðherra, sem kynnt hefur verið forystu sambandsins, að gera ráð fyrir í tillögu að fjármálaáætlun ríkisins fyrir árin 2020-2024 skerðingu á framlögum til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um 3,3 ma.kr. á næstu tveimur árum.

Ekkert samráð var haft við sambandið eða sveitarfélög þegar þessi einhliða ákvörðun var tekin og eru þessi vinnubrögð í algjörrri andstöðu við það góða samstarf sem þróast hefur milli sambandsins og fjármála- og efnahagsráðuneytisins síðustu ár. Með þessu hefur ráðherra og ríkisstjórn brugðist trausti sambandsins á mjög alvarlegan hátt. Samvinna aðila á grundvelli laga um opinber fjármál undanfarin ár hefur verið byggð á því að aðilar hafi sammælt um að haga sameiginlega opinberum fjármálum á þann hátt að jafnvægi væri í rekstri og skuldir greiddar niður. Nú bregður svo við að ríkið ætlar að bæta afkomu sína á kostnað sveitarfélaga, en það breytir ekki heildarafkomu hins opinbera.

Meginþungi framlaga ríkisins til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga rennur annars vegar skv. samkomulagi aðila til að fjármagna hluta af þjónustu við fatlað fólk og hins vegar til sveitarfélaga á landsbyggðinni sem mörg hafa veikan fjárhag. Skilaboðin sem þessi skerðing felur í sér eru að sveitarfélög dragi úr þjónustu við fatlað fólk auk þess sem dregið er úr getu fjölda sveitarfélaga til að standa undir launakostnaðarhækkunum í kjölfar komandi kjarasamninga. Ekki er ólíklegt að þessar fyrirætlanir hafi áhrif á samskipti og ákvarðanir sveitarfélaga gagnvart ríkisvaldinu á ýmsum sviðum. Einnig má vænta að þessi aðgerð auki á skuldasöfnun margra sveitarfélaga í stað þess að þau lækki skuldir sínar eins og sameiginlegur vilji ríkis og sveitarfélaga hefur staðið til undanfarin ár með góðum árangri.

Umrædd aðgerð felur í sér árás á sjálfsákvörðunarrétt og fjárhagslegt sjálfstæði sveitarfélaga. Hún veikir rekstrargrundvöll margra þeirra verulega og á sér ekki fordæmi í samskiptum þessara tveggja stjórnarsýslustiga. Á sama tíma er fjárhagslegur grundvöllur sveitarfélaga víða í uppnámi vegna utanaðkomandi aðstæðna.

Stjórn sambandsins krefst þess að boðuð áform um tekjuskerðingu gagnvart sveitarfélögum verði dregin til baka svo skapaður verði á ný jarðvegur fyrir eðlileg samskipti ríkis og sveitarfélaga. Nú þegar verði teknar upp viðræður við fjármála- og efnahagsráðherra og ráðherra sveitarstjórnarmála um málið og leiði þær viðræður ekki til ásættanlegrar lausnar fyrir sveitarfélögin verður gripið til róttækra aðgerða af hálfu



sambandsins. Gætu þær meðal annars falið í sér að fulltrúar sveitarfélaga hætti þátttöku í samstarfsverkefnum ríkis og sveitarfélaga og jafnframt að sambandið dragi sig út úr vinnu við gerð samkomulags á milli ríkis og sveitarfélaga á grundvelli laga um opinber fjármál.

Á meðan á viðræðum stendur munu fulltrúar sambandsins engar ákvarðanir taka í samstarfsverkefnum ríkis og sveitarfélaga.“

Framangreint tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri

Samrit: Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra
Sigurður Ingi Jóhannsson samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra